

# Starfsreglur

## Hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala

Samþykkt í háskólaráði Háskóla Íslands 7. febrúar 2013.  
Endurskoðuð útgáfa samþykkt 19. nóvember 2015, 3. október 2019 og 5. maí 2022.

### 1. Almenn

1.1. Samkvæmt lögum er eitt af hlutverkum háskóla að stuðla að sköpun á sviði vísinda, fræða eða tækniþróunar og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. Þá er það hlutverk Landspítala lögum samkvæmt að veita þjónustu í nær öllum viðurkenndum sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði, með áherslu m.a. á rannsóknir og þróun. Hagnýting rannsókna Háskóla Íslands og Landspítala er mikilvægur þáttur í þessu sambandi og skilar samfélaginu aukinni velferð og þekkingu.

1.2. Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala starfar í samræmi við stefnur stofnananna. Starfsreglur þessar eru til fyllingar erindisbréfi Hugverkanefndar og setja ramma um helstu störf nefndarinnar.

### 2. Gildissvið

2.1. Hugverkanefnd starfar bæði fyrir Háskóla Íslands og Landspítala.

2.2. Starfsreglur þessar varða alla starfsmenn, nemendur (sem þiggja greiðslur frá stofnunum), rannsóknarstyrkhafa sem og aðra (hér eftir sameiginlega vísað til sem starfsmanna), sem komið hafa fram með uppfinningu/nýjung sem þátt í starfi sínu og tengist tilteknu verkefni sem honum hefur verið falið eða rannsóknum sem stofnanirnar hafa haft umsjón með, óháð því hvort viðkomandi er í hlutastarfi eða fullu starfi. Sama gildir um uppfinningar/nýjungar starfsmanna sem til verða vegna notkunar á auðlindum Háskóla Íslands og/eða Landspítala, þ.m.t. fjármunum, húsnæði, efnum, tækjum og annarri starfsaðstöðu. Það hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur þessara aðila að þeir gegni störfum bæði fyrir Háskóla Íslands og Landspítala. Hugverkanefnd ákveður skiptingu fjárhagslegra réttinda stofnananna sem skarast þeirra á milli eftir að hafa tekið afstöðu til framlags hvorrar stofnunar fyrir sig.

2.3. Í þeim tilvikum sem vísað er til starfsmanns gilda reglur þessar að breyttu breytanda um rannsóknateymi innan stofnananna enda algengt að fleiri en einn starfsmaður eigi þátt í uppfinningu/nýjung.

2.4. Í starfsreglum þessum merkir hugtakið uppfinning, uppfinningu sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir samkvæmt lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi. Með nýjungum er m.a. átt við uppgötvanir, vísindakenningar, stærðfræðiaðferðir, viðskiptaaðferðir, verkþekkingu, hönnun og annað sem ekki fellur undir hugtakið uppfinning í skilningi laga um einkaleyfi nr. 17/1991 eða telst einkaleyfishæft.

2.5. Þegar þriðji aðili veitir fjármunum eða öðrum stuðningi til rannsókna innan Háskóla Íslands og/eða Landspítala, skal það viðurkennt að stofnanirnar kunni að hafa stofnað til samningsambands við þann aðila sem geti falið í sér undanþágu frá starfsreglum þessum.

Stofnunum ber að upplýsa Hugverkanefnd um efni samninga við þriðja aðila sem fela í sér slíka undanþágu.

### **3. Meginreglur**

3.1. Réttur starfsmanna til uppfinninga og nýjunga fer eftir lögum nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna og meginreglum vinnuréttar. Almenna reglan er sú að uppfinningamaður hefur frumrétt til hugverks þess sem hann kemur fram með. Atvinnurekandi (stofnun) getur hins vegar krafist þess að fá rétt yfir hugverki starfsmanns framseldan til sín, falli það undir gildissvið þessara reglna, sbr. grein 2.2. Fyrir framlag sitt á starfsmaður rétt á sanngjarni hlutdeild í arði af hagnýtingu uppfinningar/nýjungar.

3.2. Samkvæmt lögum nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna og meginreglum vinnuréttar eiga Háskóli Íslands og Landspítali rétt á að hagnýta fjárhagslega uppfinningar/nýjungar sem falla undir gildissvið reglna þessara.

3.3. Stofnanirnar geta gert kröfu um hlutdeild í arði þegar einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir vilja nota heiti og auðkenni stofnananna til að tengja starfsemi sína starfi þeirra. Þjónar það hagsmunum Háskóla Íslands og Landspítala að heiti og auðkenni stofnananna séu notuð með réttum og viðeigandi hætti.

3.4. Þegar gerður er samningur á milli stofnunar og starfsmanns um skiptingu arðs af uppfinningu/nýjung hans, heldur starfsmaður í öllum tilvikum rétti sínum til þess að koma fram sem upphafsmaður hugmyndar og ber að geta hans sem slíks við kynningu uppfinningar/nýjungar og sölu afurða.

3.5. Starfsreglunum er ekki ætlað að hafa áhrif á hefðbundinn rétt starfsmanna til að birta t.d. bækur eða greinar. Opinber birting uppfinninga/nýjunga skal þó almennt ekki eiga sér stað fyrr en þremur mánuðum eftir að Hugverkanefnd var tilkynnt um uppfinninguna/nýjungina, nema með samþykki nefndarinnar. Í þeim tilvikum þegar Háskóli Íslands og/eða Landspítali öðlast rétt til uppfinningar/nýjungar, skal Hugverkanefnd hafa samráð við höfunda um áætlanir fyrir birtingu.

3.6. Háskóli Íslands og Landspítali ásamt öðrum háskólum, opinberum rannsóknastofnunum og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti eru aðilar að Auðnu-tæknitorgi ehf. (Auðna-tæknitorg) sem vinnur að tækniyfirfærslu fyrir stofnanirnar. Hugverkanefnd getur falið Auðnu-tæknitorgi að vinna að hagnýtingu þeirra uppfinninga/nýjunga sem berast nefndinni.

3.7. Það er skylda starfsmanns að aðstoða Hugverkanefnd og eftir atvikum Auðnu-tæknitorg í einkaleyfis- og hagnýtingarferli uppfinningar/nýjungar enda er það hagsmunamál aðila að tryggja vernd réttinda og arðsama hagnýtingu. Starfsmaður skal jafnframt upplýsa nefndina og eftir atvikum Auðnu-tæknitorg um hugsanlega hagsmunaárekstra sem kunna að vera til staðar. Starfsmanni ber að virða skuldbindingar sem leitt geta af nytjaleyfissamningi eða öðrum samningum er varða hagnýtingu.

### **4. Tilkynning til Hugverkanefndar**

4.1. Starfsmenn sem hafa rannsóknir sem skilgreinda starfsskyldu, samkvæmt ákvæðum laga og/eða ráðningarsamnings og nemar sem stunda rannsóknir sem hluta af námi hjá Háskóla Íslands

og/eða Landspítala, skulu huga að mögulegri hagnýtingu niðurstaðna af þeim rannsóknum er þeir stunda. Telji starfsmaður að uppfinning/nýjung geti leitt af sér einkaleyfi eða að hagnýta megi hana með öðrum hætti skal hann koma upplýsingum þar að lútandi á framfæri við Hugverkanefnd. Starfsmaður skal leita álits Hugverkanefndar sé hann í vafa um hvort verkefni falli undir verksvið nefndarinnar.

4.2. Hugverkanefnd skal taka til meðferðar framkomnar upplýsingar um mögulega hagnýtingu uppfinningar/nýjungar og svara innan þriggja mánaða hvernig brugðist skuli við þeim. Það er á ábyrgð starfsmanns að gera grein fyrir fjármögnun verkefna og tryggja að þær upplýsingar sem lagðar eru fyrir nefndina séu fullnægjandi. Um trúnað við meðferð upplýsinga á þessum biðtíma fer samkvæmt lögum nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna, lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og nánari ákvæðum í samningi starfsmanns við stofnun.

4.3. Starfsmaður getur óskað eftir að öðlast rétt yfir uppfinningu/nýjung í þeim tilvikum þegar Hugverkanefnd ákveður að sækja ekki um einkaleyfi, fellur frá einkaleyfisumsókn áður en einkaleyfi er veitt eða fellur frá veittu einkaleyfi. Sama gildir ef nefndin ákveður að segja sig frá annarri hagnýtingu sem áður hefur verið ákveðin. Hugverkanefnd getur heimilað ef það er í þágu stofnananna að gefa eftir uppfinninguna/nýjungina og í slíkum tilvikum framselja eða gefa eftir alla hagsmuni sem henni tengjast. Ákvörðun Hugverkanefndar að gefa eftir uppfinningu/nýjung getur m.a. verið bundin eftirfarandi skilmálum í samningi við starfsmann:

a) Starfsmaður endurgreiði útlagðan kostnað Hugverkanefndar t.d. vegna lögfræðiráðgjafar, einkaleyfa, samninga og aðgerða sem miða að því að gera uppfinningu/nýjung söluhæfa þegar og ef hann fær tekjur af uppfinningunni/nýjunginni.

b) Háskóli Íslands og/eða Landspítali fái hlutdeild í hreinum tekjum vegna uppfinningar/nýjungar (þ.e. eftirstandandi tekjur þegar endurgreiddur hefur verið útlagður kostnaður) sem kemur í hlut starfsmanns eða fyrirtækis í eigu starfsmanns af hagnýtingu uppfinningar/nýjungar. Hlutdeild í tekjum nær einungis yfir þær tekjur sem starfsmaðurinn fær sem endurgjald fyrir uppfinninguna/nýjungina en ekki tekjur eða fjármagn sem viðkomandi hefur fengið til rannsókna og þróunar. Þeim arði sem kemur í hlut Háskóla Íslands og/eða Landspítala skal hlutfallslega skipt í samræmi við c-d lið 5.3.1. greinar reglna þessara þegar um er að ræða hlutdeild í tekjum starfsmanns en a-d lið 5.3.1. greinar þegar um er að ræða hlutdeild í tekjum fyrirtækis í eigu starfsmanns.

c) Háskóli Íslands og/eða Landspítali fái eignarhlut í sprotafyrirtæki. Háskóla Íslands er heimilt að færa eignarhluta sinn yfir í félagið Sprotar-eignarhaldsfélag Háskóla Íslands.

4.4. Hugverkanefnd fylgist með og aflar upplýsinga um rannsóknir og samstarfsverkefni sem Háskóli Íslands og Landspítali og/eða starfsmenn eða nemar stofnananna eru aðilar að, sérstaklega samninga er varða hugverkarétt.

## **5. Hagnýting**

### ***5.1. Ákvörðun um að krefjast framsals***

5.1.1. Hugverkanefnd tekur ákvörðun fyrir hönd Háskóla Íslands og Landspítala um að krefjast framsals á uppfinningu/nýjung og með hvaða hætti uppfinning/nýjung er hagnýtt. Ákvarðanir um innlögn, afturköllun og niðurfellingu einkaleyfisumsókna og ákvörðun um að svara athugasemdum einkaleyfayfirvalda og andmælum eru teknar af Hugverkanefnd. Hugverkanefnd tekur jafnframt endanlega ákvörðun um efni samninga er varða hagnýtingu uppfinninga/nýjunga. Hugverkanefnd getur hvenær sem er fallið frá rétti til hagnýtingar og/eða ákveðið að stöðva einkaleyfaferli.

## **5.2. Samningur um fjárhagsleg réttindi**

5.2.1. Ákveði Hugverkanefnd að hagnýta uppfinningu/nýjung skal samningur um fjárhagsleg réttindi af hagnýtingu hugverka gerður skriflega og undirritaður af viðkomandi starfsmanni og formanni Hugverkanefndar, sem fulltrúa bæði Háskóla Íslands og Landspítala.

5.2.2. Í samningi um fjárhagsleg réttindi er kveðið á um að hve miklu leyti starfsmaður framselur til Háskóla Íslands og/eða Landspítala hin fjárhagslegu réttindi sem uppfinningu/nýjung tengjast. Í samningsbundnu framsali réttinda felst að stofnanirnar eignist réttindi og heimild til þess að semja við þriðja aðila um þau. Báðum samningsaðilum ber að virða réttmæta hagsmuni hins við meðferð þeirra fjárhagslegu réttinda sem samið hefur verið um, m.a. ef samningar eru gerðir við þriðja aðila.

5.2.3. Ef um er ræða rannsóknastarfsemi þar sem fleiri en einn starfsmaður er aðili máls, eða þar sem framlag nemenda og aðstoðarfólks getur skapað tilkall til hlutdeildar í fjárhagslegum réttindum, bera stjórnendur viðkomandi rannsóknar ábyrgð á því að samið sé um hlutdeild hvers og eins í mögulegum arði þegar tilkynnt er um uppfinningu/nýjung og í öllu falli áður en að samningi við Háskóla Íslands og/eða Landspítala kemur.

5.2.4. Ef annar háskóli eða rannsóknastofnun á þátt í uppfinningu/nýjung skulu aðilar leitast við að semja um rétt til afnota á uppfinningu/nýjung og skiptingu arðs áður en að samningi við Háskóla Íslands og/eða Landspítala kemur. Þeim arði sem kemur í hlut Háskóla Íslands og/eða Landspítala skal skipt í samræmi við 5.3. grein.

## **5.3. Skipting fjárhagslegs afraksturs**

5.3.1. Þegar uppfinning/nýjung fellur undir gildissvið reglna þessara skal meginreglan í skiptingu arðs af uppfinningu/nýjung vera sem hér segir:

- a) Starfsmaður – 35%. Eigi fleiri en einn starfsmaður hin fjárhagslegu réttindi sem uppfinningu/nýjung tengjast, skiptast tekjur jafnt á milli þeirra, hafi ekki fyrirfram verið samið um annað. Sé um ójafna skiptingu aðila að ræða, þarf slíkt að koma fram í tilkynningu til Hugverkanefndar.
- b) Rannsóknastarf starfsmanns – 10%.
- c) Starfseining<sup>1</sup> starfsmanns – 10%.
- d) Háskóli Íslands og/eða Landspítali – 45% sem ráðstafað er að hluta til Hugverkanefndar samkvæmt ákvörðun rektors Háskóla Íslands og/eða forstjóra Landspítala, eftir því sem við á. Þegar arður af uppfinningu/nýjung er tilkominn vegna nytjaleyfissamnings sem Auðna-tæknitorg hefur komið á, fær Auðna-tæknitorg 5% af heildar arði og dregst sá hlutur frá óskiptum hlut Háskóla Íslands og Landspítala.

5.3.2. Þrátt fyrir framangreinda meginreglu er Hugverkanefnd heimilt, við ákvörðun um skiptingu arðs af uppfinningu/nýjung, að taka tillit til annarra sjónarmiða t.d. framlags aðila til þróunar uppfinningar/nýjungar og hvernig fjármögnun starfsins (aðstaða, búnaður, tæki, starfsmenn) hafi verið háttáð.

5.3.3. Fjárhagslegur arður af hagnýtingu uppfinninga/nýjunga starfsmanna HÍ og/eða LSH greiðist til Hugverkanefndar sem síðan greiðir viðeigandi aðilum þeirra hlutdeild í arði. Sá arður af

---

<sup>1</sup> Með starfseiningu getur m.a. verið átt við deild, stofnun eða sérgrein (department).

uppfirningu/nýjung sem kemur til skipta er nettóafkrastur af hagnýtingu hennar, þ.e. fjárhæð sem eftir stendur þegar kostnaður aðila af uppfirningunni/nýjunginni og hagnýtingu hennar hefur verið greiddur.<sup>1</sup>

5.3.4. Þegar fyrirtæki er stofnað um uppfirningu/nýjung sem fellur undir gildissvið reglna þessara getur Hugverkanefnd í samningi við fyrirtækið um afnot/framsal uppfirningar/nýjungar m.a. ákveðið að:

a) Sprotafyrirtækið endurgreiði útlagðan kostnað Hugverkanefndar t.d. vegna lögfræðiráðgjafar, einkaleyfa, samninga og aðgerða sem miða að því að gera uppfirningu/nýjung söluhæfa.

b) Háskóli Íslands og/eða Landspítali fái hlutdeild í hreinum tekjum vegna uppfirningar/nýjungar (þ.e. tekjum þegar endurgreiddur hefur verið útlagður kostnaður) sem kemur í hlut fyrirtækis af hagnýtingu uppfirningar/nýjungar. Þeim arði sem kemur í hlut Háskóla Íslands og/eða Landspítala skal hlutfallslega skipt í samræmi við 5.3.1. grein reglna þessara.

c) Háskóli Íslands og/eða Landspítali fái eignarhlut í sprotafyrirtæki. Háskóla Íslands er heimilt að færa sinn eignarhluta yfir í félagið Sprotar-eignarhaldsfélag Háskóla Íslands. Sé endurgjald fyrir afnot/framsal uppfirningar eingöngu í formi eignarhluta skal eignarhluti Háskóla Íslands og/eða Landspítala almennt ekki vera lægri en 10% samanlagt. Við ákvörðun á eignarhlut skoðar Hugverkanefnd framlag hvers aðila fyrir sig til þróunar uppfirningar/nýjungar og hvernig fjármögnun starfsins (aðstaða, búnaður, tæki, starfsmenn) hafi verið háttáð. Sé gert ráð fyrir framlagi frá stofnunum í formi frekari vinnu innan hefðbundins vinnutíma starfsmanns, notkun aðstöðu stofnananna eða öðrum framlögum þeirra skal samið sérstaklega um frekari eignarhlut þeirra. Rektor fyrir hönd Háskóla Íslands og forstjóri Landspítala staðfesta með undirritun sinni samninga um eignarhald í fyrirtækjum.

5.3.5. Þegar uppfirning/nýjung fellur ekki undir gildissvið reglna þessara en starfsmaður eða samstarfsaðili vill engu að síður nota nafn Háskóla Íslands og/eða Landspítala í tengslum við uppfirningu/nýjung skal miðað við að hlutur Háskóla Íslands og/eða Landspítala samsvari framlagi Háskóla Íslands og/eða Landspítala til félagsins. Almennt skal miðað við að hlutur Háskóla Íslands og/eða Landspítala verði samanlagt 10% af tekjum þeim sem aðili kann að fá fyrir hagnýtingu uppfirningar/nýjungar, eða 10% eignarhlutur í sprotafyrirtæki sem kann að verða stofnað utan um slíka uppfirningu/nýjung, en Hugverkanefnd er þó heimilt að víkja frá þessu, telji hún framlag Háskóla Íslands og/eða Landspítala samsvara annarri prósentu. Er þá gert ráð fyrir að aðkoma stofnananna sé engin að öðru leyti. Háskóla Íslands er heimilt að færa eignarhluta sinn yfir í félagið Sprotar-eignarhaldsfélag Háskóla Íslands.

## **5.4. Skráning hugverkaréttinda**

5.4.1. Ákveði Hugverkanefnd að öðlast rétt til uppfirningar/nýjungar felur nefndin að jafnaði Auðna-tæknitorgi að vernda uppfirninguna/nýjungina með viðeigandi skráningu hugverkaréttinda, sé slíkt álitlegt fyrir hagnýtingu uppfirningar/nýjungar að mati Hugverkanefndar. Auðna-tæknitorg hefur þá m.a. umsjón með ritun, innlögn og eftirfylgni einkaleyfisumsókna.

5.4.2. Skráð hugverkaréttindi geta verið einkaleyfi, hönnun, vörumerki, yrki og höfundarréttur (í Bandaríkjunum og Kanada).

---

<sup>1</sup> Þessi kostnaður getur meðal annars verið vegna nýnæmisathugana, einkaleyfaumsókna og annarrar vinnu við einkaleyfaferlið, m.a. ráðgjöf og kostnað við verndun leyfis, kostnað vegna markaðsrannsókna og viðskiptasamninga við þriðja aðila og beinan rannsókna- og þróunarkostnað til að gera uppfirningu/nýjung söluhæfa.

5.4.3. Hugverkanefnd metur eigi sjaldnar en árlega hvort viðhalda eigi skráðum hugverkaréttindum, þ.m.t. einkaleyfum.

### **5.5. Val um hagnýtingu**

5.5.1. Hugverkanefnd metur á grundvelli gagna frá Auðnu-tæknitorgi og eftir atvikum öðrum aðilum, hvort æskilegt sé að hagnýta uppfinningu/nýjung með því að veita nytjaleyfi eða selja hugverkið. Hugverkanefnd getur mælt með því eða fallist á að fyrirtæki verði stofnað í kringum uppfinningu/nýjung og, þegar það á við, að gerður verði nytjaleyfissamningur um uppfinningu/nýjung við fyrirtækið. Jafnframt getur Hugverkanefnd ákveðið að fara í samstarfsverkefni með fyrirtæki, einstaklingi eða háskóla sem hefur þá sérfræðipækkingu og það bolmagn sem þörf er á. Slíkt samstarf getur leitt til nytjaleyfissamnings, stofnunar dótturfyrirtækis eða varanlegs viðskiptasambands. Hugverkanefnd og Auðna-tæknitorg hafa samráð við starfsmann um hagnýtingu uppfinninga/nýjunga en endanlegar ákvarðanir er varða hagnýtingu, þ.á m. efni samninga eru teknar af nefndinni.

5.5.2. Hugverkanefnd felur Auðnu-tæknitorgi, eftir því sem við á, að vinna að hagnýtingu uppfinningar en í því felst m.a. að leggja mat á nýnæmi, einkaleyfishæfi, markað, samkeppni og kostnað, hafa umsjón og umsýslu með hugverkum, markaðssetja og hefja viðræður við þriðja aðila og gera samninga um hagnýtingu uppfinningar, m.a. með nytjaleyfi eða sölu á hugverki. Jafnframt getur Hugverkanefnd falið Auðnu-tæknitorgi að vinna að stofnun sprotafyrirtækis í kringum uppfinningu.

5.5.3. Formaður Hugverkanefndar ritar undir nytjaleyfissamninga og samninga um sölu hugverks fyrir hönd Háskóla Íslands og/eða Landspítala. Fjárhagslegur arður sem til verður af sölu hugverks og nytjaleyfissamningi skiptist milli aðila samkvæmt 5.3. grein reglna þessara.

## **6. Túlkun og breytingar á starfsreglum**

6.1. Það er ábyrgð Hugverkanefndar að túlka starfsreglur þessar og sker nefndin úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða starfsemi nefndarinnar.

6.2. Hugverkanefnd skal að jafnaði endurskoða starfsreglur þessar á þriggja ára fresti og telji hún þörf á breytingu skal nefndin gera tillögu þar að lútandi og leggja fyrir háskólaráð og forstjóra Landspítala til staðfestingar.